

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 6. nóvember 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Steinunn Steánsdóttir. Þröstur Helgason mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málrættarþing 15. nóvember

Farið var yfir lokaundirbúning fyrir málrættarþingið 15. nóvember, s.s. texta á viðurkenningarskjöl og tilkynningar til fjölmiðla. Jafnframt var farið yfir nokkrar tillögur frá MS um auglýsingar fyrir málrættarþingið.

2. Ályktun Íslenskrar málnefndar

Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu ber yfirskriftina „Íslenska á ferðaöld“ og snýr að áhrifum fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögðum við auknum ferðamannastraumi. Hilmar Hilmarsson kynnir ályktunina á málrættarþinginu.

3. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn 8. nóvember. Þar verður á dagskrá: Formennska í norræna málnefndasamstarfinu á næsta ári; áhersluatriði næsta starfsárs; málrættarþingið 15. nóvember og nýjar greinarmerkjareglur.

4. Opið aðgengi

Áhersluatriði næsta starfsárs málnefndarinnar er söfnun upplýsinga um íslensku og málfar á einn stað notendum að kostnaðarlausu. Rætt var um að fá fund með ráðherra til að ræða um orðabækur í opnum aðgangi.

5. Önnur mál

Erindi barst frá Málnefnd íslenska táknmálsins um að fá að vera einhvers konar undirsíða á heimasíðu ÍM. Samþykkt var að búa til flipa á heimasíðunni íslenskan.is fyrir Málnefnd íslenska táknmálsins. Gert er ráð fyrir að sent verði tilbúið efni frá Málnefnd íslenska táknmálsins og að ritari ÍM sjái um að birta efnið á heimasíðunni íslenskan.is.

Fundi lauk kl. 15.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.